

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, föstudaginn 25. mars kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 862. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

## Þetta gerðist:

- Bólstaðarhlíð 30, Breyta bílageymslu í vinnustofu** (12.740.05) Mál nr. BN060714 Skjalnr. 14502  
Embla Hallfríðardóttir, Bólstaðarhlíð 30, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun bílskúrs, 0102, í vinnustofu, á lóð nr. 30 við Bólstaðarhlíð. *Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Miðstræti 5, Kvistur og þaksvalir.** (11.832.03) Mál nr. BN060065 Skjalnr. 14534  
*Gera timburpall, hjólageymslu og sorpskýli*  
FÓ eignarhald ehf., Ármúla 24, 108 Reykjavík  
Kristín Sigríður Reynisdóttir, Miðstræti 5, 101 Reykjavík  
Valdimar Tryggvi Hafstein, Miðstræti 5, 101 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. janúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera kvist og þaksvalir á austurhlíð þriðju hæðar, stækka kvisti og sameina rými á annarri hæð, gera dyr út úr eldhúsi fyrstu hæðar að palli og tröppum til austurs og nýjar kjallaratröppur á austurhlíð, bætt við hjólageymslu og timburpalli í suðaustur horni lóðar og sorpskýli komið fyrir við lóðarmörk til norðurs við hús á lóð nr. 5 við Miðstræti. Erindi var grenndarkynnt frá 21. febrúar 2022 til og með 21. mars 2022. Engar athugasemdir bárust. *Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*  
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*
- Brekkustígur 9, Stækkun húss og breyting lóðar** (01.134.202) Mál nr. BN057519 Skjalnr. 6440  
Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022. *Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. mars 2022, samþykkt.*

4. **Fiskislóð 71-73, Breytingar á innra skipulagi** (10.871.02) Mál nr. BN060690  
Skjalnr. 13552  
ÁÁ 29 ehf., Hagamel 12, 107 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta iðnaðarhúsi í sýningarsvæði, skrifstofur og geymslur, stækka 2. hæð, gera vindfang, flóttastiga á suðvesturhlið, hringstiga á norðausturhlið og svalir á norðvesturhlið á húsi nr. 73 á lóð nr. 71-73 við Fiskislóð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til umsagnar Faxaflóahafna.*
5. **Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31 - Orkureitur, breyting á deiliskipulag** (01.265.2) Mál nr. SN190500  
Skjalnr. 8872  
Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
ALARK arkitektar ehf., Dalvegi 18, 201 Kópavogur  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. mars 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsinga um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra nokkur atriði sem framkoma í bréfi. Einnig eru lagðir fram uppfærðir uppdættir og greinargerð dags. 24. júní 2021, br. 24. mars 2022.  
*Samþykkt.*
6. **Urðarbrunnur 62, Breytingar - BN057859** (50.545.03) Mál nr. BN060669  
Skjalnr. 14226  
Snorri Wium, Heiðarhjalli 31, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057859 þannig að óuppfyllt rými í kjallara undir bílgeymslu er innréttað sem vinnustofa, inngangur í kjallaraífbúð er færður á suðurhlið, svölum á 1. hæð er breytt og þær stækkaðar, gluggum er breytt og tröppur á austurhluta lóðar eru færðar að lóðamörkum við einbýlishús á lóð nr. 62 við Urðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.*
7. **Vínlandsleið 12-14, (fsp) reiðhjólaskýli** Mál nr. SN220080  
Skjalnr. 10148  
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Vínlandsleið ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 9. febrúar 2022 um að reisa reiðhjólaskýli á baklóð Vínlandsleiðar 12-14, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 31. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. mars 2022, samþykkt.*
8. **Eyjarslóð 5, Viðbygging** (11.114.03) Mál nr. BN058573  
Skjalnr. 13373  
Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að rífa hluta bakhúss og hálfkarað stigahús á framhlið, til að byggja inndregna hæð ofan á og aftan við og til að byggja þriggja hæða viðbyggingu, einangraða og klædda að utan við austurenda húss sem fyrir er á lóð, til að breyta innra skipulagi og fjölga gestum í rými 0104, innréttu veitingastað í flokki ?, teg. ? fyrir 270 gesti í rými 0101, veitingastað í flokki II, teg. f fyrir 220 gesti í rými 0201 og skrifstofur á 3. hæð í húsi á lóð nr. 5 við Eyjarslóð.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Freyjugata 30, Bílastæði** (11.960.02) Mál nr. BN060593  
Skjalnr. 14134  
Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. mars 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056130, fjarlægja hluta af steyptri girðingu að borgarlandi og bæta við tveimur bílastæðum með rafmagnshleðslustöð á suðaustur horni lóðar nr. 30 við Freyjugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.*
10. **Vatnagarðar 16 og 18, (fsp) breyting á notkun efri hæðar hússins** (01.338.9) Mál nr. SN220036  
Skjalnr. 13667  
Eftasund 66 ehf., Eftasundi 66, 104 Reykjavík  
Studio F ehf., Skipalóni 25, 220 Hafnarfjörður  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. febrúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Friðriks Friðrikssonar dags. 18. janúar 2022 um að breyta notkun efri hæðar hússins á lóðunum nr. 16 og 18 við Vatnagarða úr skrifstofum í áfangaheimili. Einnig er lögð fram teikning Studio F ehf. dags. 30 maí 2016. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.*
11. **Flugvöllur, Aðflugsljós við enda flugbrautar 13** Mál nr. BN060624  
Skjalnr. 6767  
Isavia Innanlandsflugvöllir ehf, Reykjavíkflugvelli, 102  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lagt fram erindi frá afreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir aðflugsljósum við enda 13. flugbrautar, vestan við Suðurgötu, tengt lóð Reykjavíkflugvallar, L 106930. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. mars 2022, samþykkt.*
12. **Guðríðarstígur 6-8, breyting á deiliskipulagi** (04.121.4) Mál nr. SN210621  
Skjalnr. 10532  
Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík  
RA 5 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn frá Arkitektar Laugavegi 164 ehf. dags. 6. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, athafnasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Guðríðarstíg. Í breytingunni felst að byggingarreitur hússins stækkar til suðvesturs þannig að hægt verði að byggja við húsíð. Hluti viðbyggingar verður á þremur hæðum en stærsti hlutinn á einni hæð. Stækkunin nýtist fyrir skrifstofustarfsemi og lager. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall og byggingarmagn eykst, samkvæmt uppdr. Glámu Kím arkitekta dags. 6. september 2021. Tillagan var auglýst frá 9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
13. **Njálsgata 36, Stækkun forbyggingar** (11.902.08) Mál nr. BN060722  
Skjalnr. 11654  
SV 50 ehf., Valshlíð 14, 102  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr steiptum samlokueiningum með þremur íbúðum, tvær hæðir og ris og rishæð ofaná húshluta sem fyrir er á lóð nr. 36 við Njálsgötu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

14. **Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi** (01.283.0) Mál nr. SN210700  
Skjalnr. 7703  
Starmýri 2A ehf., Starmýri 2a, 105 Reykjavík  
PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 12. október 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Safamýrar- Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 (hús nr. 2A) við Starmýri. Í breytingunni felst að bætt er við byggingareit fyrir 4. hæð sem nemur um helmingi þakflatar, á suðurhluta byggingareits, og er heimilt byggingarmagn 4. hæðar 350 m<sup>2</sup> brúttó. Heimilt er að auka íbúðafjölda á Starmýri 2A um 2 íbúðir og hámarksfjöldi íbúða á lóðinni verður 25. Tveimur íbúðum á 4. hæð fylgja þegar byggðir bílskúrar í kjallara og bílastæði framan við hvorn þeirra, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdráttum PK Arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Ström dags. 8. mars 2022, Sif Cortes dags. 22. mars 2022, Ragnheiður Bragadóttir f.h. íbúa í Starmýri 6 dags. 22. mars 2022 og Erla Hafrún Guðjónsdóttir dags. 23. mars 2022.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
15. **Barmahlíð 43, Hækkun og þaki - innr. herb.** (17.100.19) Mál nr. BN060666  
í risi Skjalnr. 12985  
Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lagt fram erindi frá afreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og innréttu stækkun íbúðar á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 43 við Barmahlíð. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Miklubraut 76, 78, 80 og 82 og Barmahlíð 41, 42, 44, 46, 47 og 48.*  
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*
16. **Barmahlíð 45, Hækka þak + innr. herb** (17.100.20) Mál nr. BN060665  
Skjalnr. 14324  
Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lagt fram erindi frá afreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og innréttu stækkun íbúðar á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 45 við Barmahlíð. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Miklubraut 76, 78, 80 og 82 og Barmahlíð 41, 42, 44, 46, 47 og 48.*  
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

17. **Borgartún 8-16A, breyting á deiliskipulagi** (01.220.1) Mál nr. SN220121  
Skjalnr. 5902

Höfðatorg ehf., Lynghálasi 4, 110 Reykjavík  
PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. mars 2022 var lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 23. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Í breytingunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir minniháttar mannvirki sem rísa upp úr yfirborði kjallara. Innan þeirra er hægt að byggja minniháttar mannvirki svo sem útloftunnar stokka og lyftu- og stigahús, samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 23. febrúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupóstum skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 8. mars 2022 og skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 14. mars 2022 þar sem ekki eru gerðar athugasendir við breytinguna.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs til afgreiðslu.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

18. **Borgartún 34-36, breyting á deiliskipulagi** (01.232.0) Mál nr. SN210351  
Skjalnr. 9191

Hófsvað ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík  
Tvíhorf ehf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lögð fram umsókn Gunnars Sigurðssonar dags. 9. maí 2021 ásamt minnisblaði dags. 30. apríl 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingarmagn er aukið og íbúðum fjölgað, samkvæmt uppdráttum (5 uppdr.) Tvíhorfs ehf. dags. 3. júní 2021. Einnig er lögð fram greinargerð Andakt arkitekta dags. 28. janúar 2022 þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingu sem orðið hafa síðan tillagan var samþykkt í kynningu m.a. hefur íbúðum fækkað um 2 úr 102 í 100 og salar- og hámarkshæð hækkað um 1-1,65 m vegna hærri salarhæð. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs til afgreiðslu.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1551/2021.*

19. **Kvistaland 26, breyting á deiliskipulagi** (01.862.3) Mál nr. SN220176  
Skjalnr. 11225

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum lóðarinnar ásamt því að lögun byggingarreits fyrir leikskólabygginguna breytist og stækkar. Mænishæð er breytt og gert ráð fyrir að hækka þakið, en allar byggingar eru áfram ein hæð. Gert er ráð fyrir sorpgerði austan við leikskólann, innan byggingarreits leikskólans. Byggingarreitir færarlegrar stofu er breikkaður til suðurs. Gert er ráð fyrir hjóla- og vagnageymslu innan lóðar og 30 hjólastæðum, 10 fyrir starfsmenn og 20 fyrir nemendur, ásamt því að núverandi stígur á opna svæðinu er færður út fyrir áætluð lóðamörk, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 23. mars 2022.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

20. **Mosavegur hjúkrunarheimili, breyting á deiliskipulagi "Spöngin svæði H"** Mál nr. SN220067 Skjalnr.
- Lögð fram drög að tillögu Trípólí arkitekta dags 4. febrúar 2022 að breytingu á deiliskipulagi "Spöngin svæði H". Breytingin felst í því að skilgreind er ný lóð 9750 m<sup>2</sup> að stærð. Heimildum til uppbyggingar á svæðinu er breytt þannig að í stað íþróttahús og sundlaugar verði heimilt að byggja 3-5 hæða hjúkrunarheimili með allt að 145 rýmum og tengdri þjónustu. Settir eru sérskilmálar fyrir uppbygginguna. Einnig lagt fram minnisblað FSR dags 10. mars 2022 með ábendingum um drögin.
- Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
21. **Nýlendugata 21 og 21A, breyting á deiliskipulagi** (01.131.2) Mál nr. SN210812 Skjalnr. 14457
- VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
- Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Richard Ólafs Briem dags. 10. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðanna nr. 21 og 21A við Nýlendugötu. Í breytingunni felst m.a. sameining lóðanna, stækkun og hækkun húsanna og að heimilt verði að gera sex íbúðir af mismunandi stærðum á lóðinni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppr. VA arkitekta ehf. dags. 11. desember 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur Harnar Harðardóttur f.h. Ingibjargar Þ. Hallgrímssonar dags. 21. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir frekari gögnum vegna grenndarkynningu, ásamt nýrri ásýndarmynd úr suð-vestri, dags. 25. febrúar 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. febrúar 2022 til og með 21. mars 2022. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 28. febrúar 2022.
- Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
22. **Háaleitisbraut 1, breyting á deiliskipulagi** (01.252.1) Mál nr. SN210571 Skjalnr. 10336
- Ragnar Auðunn Birgisson, Reyðarkvísl 19, 110 Reykjavík  
Sjálftæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík
- Lögð fram umsókn Ragnars Auðuns Birgissonar dags. 11. ágúst 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 1. Í breytingunni felst að í stað skrifstofuhúsnæðis í suðaustur hluta lóðarinnar kemur nýtt íbúðarhús með 27 íbúðum. Íbúðir á reitnum verða því samtals 74. Bíla- og hjólastæðakröfur breytast m.t.t. fjölda íbúða og núverandi byggingar, Valhallar, en skilgreiningar per íbúð/fm. helst óbreytt ásamt því að byggingarmagn eykst óverulega, samkvæmt uppdr. THG arkitekta dags. 26. júlí 2021, br. 18. nóvember 2021. Einnig lagt fram bréf Heimis Snæs Guðmundssonar starfsmanns íbúaráða dags. 23. mars 2022 þar sem komið er á framfæri ósk íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um að fá aðgang að samgöngumati vegna breytingarinnar.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
23. **Austurstræti 17, breyting á deiliskipulagi** (01.140.3) Mál nr. SN220140 Skjalnr. 10361
- Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
- Lögð fram umsókn Eikar fasteignafélags hf. dags. 3. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 17 við Austurstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með flóttastiga á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Traðar dags. 28. febrúar 2022.
- Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hafnarstræti 16 og 18, Lækjartorgi 1 og Pósthússtræti 3 og 5.*
- Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

24. **Hringbraut 121, (fsp) breyting á notkun** (01.520.2) Mál nr. SN220161  
*húss og setja svalir á húsið* Skjalnr. 5880  
 Áslaug Thorlacius, Þinghóltsstræti 14, 101 Reykjavík  
 Myndlistaskólinn í Reykjavík ses., Hringbraut 121, 101 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Áslaugar Thorlacius dags. 18. mars 2022 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 121 við Hringbraut úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsi og setja svalir á húsið.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
25. **Lindargata 44, Námsmannaíbúðir** (11.525.08) Mál nr. BN060731  
 Skjalnr. 5266  
 Félagstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja stúdentagarð með 10 einstaklingsíbúðum, þrjár hæðir með kjallara undir hluta, sem verður hús nr. 44 við Lindargötu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
26. **Sjafnargata 14, (fsp) uppbygging** (01.196.5) Mál nr. SN220045  
 Skjalnr. 13962  
 Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík  
 Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Trípólí ehf. dags. 21. janúar 2022 um uppbyggingu á lóð nr. 14 við Sjafnargötu, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 19. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.*
27. **Teigagerði 8, Sótt um að gera viðbyggingu,** (01.816.0) Mál nr. BN059406  
 Skjalnr. 14494  
*kvisti, mænispak bílageymslu*  
 Hafsteinn Bragason, Teigagerði 8, 108 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðausturgötu, byggja þrjú nýja kvisti á rishæð og mænispak á bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 8 við Teigagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. mars 2022, samþykkt.*
28. **Kópavogur - Vatnsendahvarf, deiliskipulag** Mál nr. SN220169  
 Skjalnr. 8439  
*íbúðabyggðar - tillaga til forkynningar*  
 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur  
 Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 10. mars 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbyli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Kjósarhreppur**, breyting á Aðalskipulagi  
vegna nýs þéttbýlis í Ásgarðslandi

Mál nr. SN220175  
Skjalnr. 11319

Kjósarhreppur, Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbær

Lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps þar sem kynnt er vegna breyting á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 vegna þéttbýlis í Ásgarðslandi sem felst í að Frístundasvæði F18a er felld úr, efnistökusvæði E10-Valdastaðir fellur út og landbúnaðarland, m.a í flokki I minnkar. Íbúðabyggð ÍB9 sem tekur yfir stærsta hluta frístundasvæðis og að auki að hluta til yfir landbúnaðarland í flokki I-II að austan verðu. Stærð svæðisins F18 er 65 ha en ÍB9 verður 76 ha.

*Vísad til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:55.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir